
GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR
VEFLISTARKONA

Ég held ég sé enn á kubbastiginu

Í HÉÐINSHÚSINU við Seljaveg, hátt yfir skarkala borgarlífsins, situr kona ein við vefnað. Hvort hún spinnur mönnum örlagavef skal látið ósagt hér, en teppin hennar, svört og rauð og blá, verða til sýnis á Kjarvalsstöðum næstu vikurnar. Það er sýning veflistarkonunnar Guðrúnar Gunnarsdóttur, sem hér um ræðir og verður hún opnuð í dag. Það var ekki auðvelt að finna vinnustofu Guðrúnar, því Héðinshúsið hefur nokkrar dyr og óskaplega margar hæðir og ótal glugga. Þegar vinnustofa Guðrúnar fannst loksins var hún stór, björt og vistleg, en af því fyrirhöfnin var æði mikil var Guðrún fyrst spurð hvernig hún hefði rambað á þessa aðstöðu í upphafi.



„Svart á rauðu“ 1988, ull, hör, bambus og akrýl.

Þannig var að ég hafði lengi verið með vinnustofu heima, í pínulitlu herbergi og það hafði mikil áhrif á það sem ég var að gera. Myndirnar voru stöðugt að minnka hjá mér, voru orðnar pínulitlar. Ég var hætt að geta hugsað út fyrir þennan þrönga ramma. Svo frétti ég af því að hér væri laust húsnæði og rauk af stað til að sækja um það. Hér hafði verið smíðaverkstæði, herbergið var troðfullt af spýtum, nöglum og dóti. Ég fékk það með því skilyrði að ég hreinsaði út og veistu, draslið var svo mikið að ég var í heilan mánuð að því. Smiðurinn sem hafði verið hérna var dálítið sérstakur. Fólk var stundum að koma til hans og biðja hann að lána sér nagla, eða smáspýtu, sem það vantaði. En hann gat aldrei lánað neitt, því hann þurfti einmitt alltaf að nota það sem beðið var um. Svo mokaði ég öllu draslinu út og fór með það á haugana.

Þetta var fyrir tveimur árum. Svo kom ég mér fyrir með mína vefstóla, hillur og dót og tók að undirbúa þessa sýningu.“

Það er athyglisvert hvað margir textíllistamenn eru að halda einkasýningar núna. Af hverju heldurðu að það sé?

„Ætli það sé ekki bara af því við erum allar komnar á þennan aldur. Við erum flestar komnar um og yfir fertugt, börnin orðin stór, við orðnar miklu frjálsari og getum farið að gera það sem okkur hefur alltaf langað til. Við erum allar, textíllistakonurnar, búnar að vinna við þetta lengi, en kannski núna fyrst sem aðstæður leyfa okkur að snúa okkur nærri alfarið að listinni,“ svarar Guðrún, en hún hefur, eins og flestar textíllistakonur á Íslandi, unnið við hönnun. Guðrún hefur í mörg ár unnið sem hönnuður hjá Álafossi, þar sem hún var í hálfu starfi fram til ársins 1986. Síðan hefur hún verið í lausamennsku þar og er um þessar mundir að hanna værðarvoðir.

Í spjalli okkar kemur fram að hún hefur búið víða og hefur sterkar taugar til dreifbýlisins. „Ég er fædd í Borgarnesi,“ segir Guðrún, „og var þar til fjórtán ára aldurs. Þá flutti ég til Reykjavíkur og fannst það mjög leiðinlegt. Þetta var á þeim aldri sem maður er svo óöruggur.

Ég fer alltaf einu sinni á ári í Borgarnes. Geng í fjörunni þar sem ég lék mér í sem barn, skoða húsið sem ég bjó í. Það er svo pínulítið og mér fannst það svo stórt og fjaran, hún er ekki neitt neitt. En ég þekki orðið mjög fáa þar.“

Af hverju ferðu þangað?

„Já. Það er svo skrýtið að í þeirri vinnu sem ég er að vinna í dag eru einhver tengsl við þessar slóðir. Ég fer aftur á bak í eitthvað sem ég hélt að væri gleymt. Þegar ég hef lokið við verk og horfi á það sé ég



Morgunblaðið/Árni Sæberg
Guðrún Gunnarsdóttir, veflistarkona.

Tónleikar nauðsynlegir til að komast lengra

Jónas Ingimundarson pianóleikari er nýkominn úr tónleikaferð til Ísafjarðar þar sem hann lék á minningartónleikum um Ragnar H. Ragnars. Jónas gerði víðreistara en á Ísafjörð; hann hélt einnig tónleika í Bolungarvík, Flateyri og í Stykkishólmi. Jónas heldur tónleika á Selfossi í dag og annað kvöld í Menningarmiðstöðinni í Gerðubergi. Það er tæplega á nokkurn hallað þó sagt sé að Jónas Ingimundarson hafi verið einna ötulastur á síðustu tveimur áratugum við tónleikahald vítt og breitt um landið; hann hefur kynnt íslenska samtímatónlist og einnig hefur hann haldið hróðri hinna gömlu meistara vel á lofti. En Jónas hefur frá fleiru að segja en tónleikahaldi utan borgar og innan; fyrir dyrum standa ljóðasöngstónleikar í Gerðubergi sem hann hefur haft veg og vanda af að skipuleggja.

Við ræddum fyrst um tónleikahald Jónasar víðs vegar um landið í gegnum árin. „Ég hef gert töluvert af því að fara út um land. Hef farið á hverju ári frá því 1970 og er búinn að spila margsinnis á velflestum stöðum á landinu. Sem meðleikari með söngvurum hef ég einnig farið oft um landið. Það er mikil vinna að undirbúa eina tónleika og þar sem ég er ákaflega eðlislatur maður og fæddur þreyttur, þá finnst mér sjálfsagt að flytja efnið á fleiri en einum tónleikum eftir allt sem búið er að leggja á sig. En auðvitað vill maður einnig veita fólki hlutdeild í því sem maður er að fást við.“

Þegar talið berst að aðstæðum til tónleikahalds á landsbyggðinni og viðtökum áheyrenda segir Jónas . . . „Ég er iðulega beðinn um að koma aftur til tónleikahalds og sé ekki ástæðu til að kvarta undan aðsókn á tónleika mína. Það er erfitt að segja hvers vegna fólk kemur og hvers vegna ekki. Ef mikil vinna er í gangi á staðnum þá er eðlilegt að fólkið hafi ekki tíma til að koma og hlusta á einhvern mann spila á píanó. Eins getur verið fátt á tónleikum ef eitthvert stórmennið á staðnum á afmæli einmitt á sama tíma. En það getur einnig staðið svo vel á að áhorfendur verði á milli eitt og tvö hundruð. Það skiptir mig reyndar afskaplega litlu máli hvort ég spila fyrir 20 manns eða 200 manns. Maður reynir að leggja sig fram.

Ég hef það fyrir reglu núorðið að kynna sérstaklega það efni sem ég flyt hverju sinni. Ég byrjaði á þessu fyrir löngu og nú er svo komið að ég er oft beðinn sérstaklega um að kynna efnið. Þó er auðvitað ljóst að ekki er hægt að fjalla um tónlist í töluðu máli nema að takmörkuðu leyti, en ég reyni að veita áheyrendum upplýsingar um tilurð verkanna og kannski helstu atriði er varða höfundinn. Yfirleitt er tónleikahald sem þetta skipulagt í gegnum tónlistarfélögin á stöðunum eða tónlistarskólana en mér er til efs að fólk geri sér almennt grein fyrir því að í landinu eru starfandi um 70 tónlistarskólar og nemendur í þessum skólum eru um tíu þúsund.

Víða um land hafa heimamenn af miklum metnaði skapað góða aðstöðu til tónleikahalds; byggt vönduð félagsheimili og keypt góð hljóðfæri. Það er sjálfsagt að koma til móts við þennan metnað og leggja sitt af mörkum. Þessi tónleikaferð sem ég er nýkominn úr um Vesturland var upphaflega miðuð við Ísafjörð eingöngu en auðvitað var sjálfsagt að fara í leiðinni til Bolungarvíkur og á Flateyri. Á heimleiðinni vildi ég koma við í Stykkishólmi og spila á hljóðfærið þeirra sem er afbragðsgott en einnig eru úrvals hljóðfæri víðar á landinu.

Satt að segja voru hljóðfærin á þessum stöðum til skamms tíma betri en þau sem buðust til tónleikahalds hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Nú hefur þetta breyst, Norræna húsið keypti flygil fyrir hálfu öðru ári, þá er komið úrvals hljóðfæri hér í Gerðuberg og nýbúið er að festa kaup á flygli fyrir Óperuna sem vígður verður 22. október næstkomandi. Við Halldór Haraldsson pianóleikari förum út í byrjun september til að velja hljóðfærið hjá Steinway & Sons. Það eru Styrktarfélag Íslensku óperunnar og Tónlistarfélag Reykjavíkur sem standa að þessum kaupum.“

Hér má skjóta því inn að í byrjun nóvember ætlar Sólrún Bragadóttir, sem nú syngur í óperunni í Kaiserslautern í Þýskalandi, að koma heim og þau Jónas ætla að flytja söngdagskrá í Óperunni.

Ég spyr Jónas hvers vegna hann hafi lagt svo mikla áherslu á tónleikahald á landsbyggðinni. „Það hljómar kannski oflátungslega að kalla þetta trúboð. En þegar búið er að eyða ævi sinni í tónlistina vill maður að aðrir njóti hennar með manni. Málarinn þarf að halda sýningar af og til og skáld þurfa að gefa út sögur sínar og ljóð. Þetta er ekki endilega gert til að vekja athygli á persónu sinni heldur til þess að komast lengra í leit sinni og listsköpun. Sökkva sér enn dýpra.“

En hvað ræður valinu þegar sett er saman efnisskrá fyrir tónleika?

„Þegar ég set saman efnisskrá reyni ég að hafa nokkra breidd í verkefnavalinu. Aðalatriðið er að flytjandinn finni sig í því sem hann er að gera. Á efnisskránni sem ég er með núna er t.d. mikið af íslenskum verkum. Í gegnum árin hef ég reynt að gera nokkuð af því að kynna verk íslenskra samtímahöfunda. Mér finnst þjóðin eiga heimtingu á því að fá að vita hvað tónskáldin eru að fást við. Hvað efnisskrá varðar segir sig sjálft að um leið og maður hefur valið eitt verk þá takmarkast valið